

VÍN BLAÐIÐ

2. tbl. 2. árg. apríl / maí 2004



VÍN  BÚÐ

Vöruskrá Yndislega Ítalía Verðlaunakokteilar Verð og gæði Primitivo



E F N I S Y F I R L I T

FRÁ RITSTJÓRN 3

Ný heildarstefna ÁTVR

MOLAR ÚR ÝMSUM ÁTTUM 4

ER VERÐ GÓÐUR MÆLIKVARÐI Á VÍN? 6

ÍTALÍA Í VÍNBUÐUNUM 7

YNDISLEGA ÍTALÍA 8

PRIMITIVO 14

NÝTT Í KJARNA 15

HAGNÝTT 19

VÖRUSKRÁ 20

Rauðvín	20
Kassavín	35
Hvítvín	36
Rósavín	44
Freyðivín	44
Lífrænt ræktuð vín	45
Styrkt vín: Sérrí, Madeira, Portvín	46
Síder	47
Ávaxtavín	47
Kryddvín	47
Aperítíf	47
Sake	47
Cognac	48
Armagnac	48
Brandí	48
Calvados	49
Grappa	49
Viskí	49
Romm	50
Tekíla	50
Vodka	50
Gin	50
Sénever	51
Akvavit	51
Anís	51
Snafs	51
Líkjör	52
Bitter	53
Áfengt gos	53
Aðrar tegundir	54
Björ	55

VÖRUR Í STAFRÓFSRÖÐ 57

VINBUD.IS 78

AFGREIÐSLUTÍMI VÍNBUÐA 80

Vínblaðið, 2.tbl. 2. árg. apríl/maí 2004

Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR

Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal • Ritstjóri: Þórdís Yngvadóttir

Ritstjórn: Einar Snorri Einarsson, Páll Sigurðsson, Þórdís Yngvadóttir

Greinar eftir Christina Heina Liman, Pál Sigurðsson, Þorra Hringsson

Samantekt á vöruskrá: Skúli Þ. Magnússon • Myndir: Gunnar Sverrisson,

Sigrún Kristjánsdóttir, Stefan Hörberg • Hönnun: Fiton ehf. • Umbrot: ÁTVR

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbud.is
Áskilinn er réttur til leiðréttinga.

NÝ HEILDARSTEFNA ÁTVR

Stjórn ÁTVR samþykkti í mars nýja heildarstefnu fyrir fyrirtækið. Nýrri stefnu er ætlað að tryggja áframhaldandi þróun úr afgreiðslustofnun yfir í þjónustufyrirtæki, þar sem áhersla er lögð á að auka ánægju viðskiptavina með fyrsta flokks þjónustu ásamt kynningu og fræðslu.

Samkvæmt nýju heildarstefnunni er hlutverk ÁTVR eftirfarandi:

ÁTVR annast sölu á áfengi og tóbaki fyrir hönd ríkisins á Íslandi. Til þess að geta rækt þetta hlutverk í sem mestri sátt við alla aðila markaðarins hefur stjórn ÁTVR samþykkt eftirfarandi leiðarljós og stefnu fyrir fyrirtækið.

ÁTVR hefur eftirfarandi að leiðarljósi:

ÁTVR vill stuðla að ábyrgri neyslu áfengis með áherslu á tengsl matar og áfengra drykkja.

Stefna ÁTVR er:

ÁTVR er framsækið og ábyrgt fyrirtæki sem leggur áherslu á að veita öllum viðskiptavinum sínum góða þjónustu, stuðla að jákvæðri vinnmenningu og draga úr neyslu tóbaks.

Stefnumið nýju heildarstefnunnar eru:

Við gerum viðskiptavinum okkar ánægðari

Við byggjum upp þjónustu okkar með þarfir hinna ólíku viðskiptavina í huga. Við viljum að viðskiptavinum okkar þyki gaman að versla í vinnubúðunum og líti á það sem fræðandi upplifun. Þjónusta vinnubúðanna byggist á hvatningu til að njóta áhugaverðrar tengingar matar og víns. Þarfir viðskiptavinna séu hafðar í fyrirrúmi og boðið verði upp á námskeið og kynningar sem geri leiðarljósið að veruleika.

Við erum samfélagslega ábyrg

Við virðum að fullu reglur við sölu á áfengi og tóbaki. Við stuðlum að ábyrgri áfengisneyslu og umgengni við áfengi, öllum til ánægju.

Við rekum ÁTVR á hagkvæman hátt

Við höfum hagkvæmni að leiðarljósi þegar við lögum okkur að þörfum markaðarins. Þannig aukum við virði fyrirtækisins um leið og við stöndum skil á greiðslum í ríkissjóð.

Við gerum starfsmenn okkar ánægðari

Við búum þeim skapandi og lifandi starfsumhverfi sem virkjar þann kraft sem býr í þeim og laðar til okkar hæft fólk sem býr yfir frumkvæði og þjónustulund.

Við eflum samstarf við birgja

Við eflum tengsl við birgja og vinnum með þeim að framsetningu í vinnubúðum, kynningum og fræðslu til viðskiptavina og starfsmanna. Samskipti við birgja byggja á gagnsæi, gagnkvæmu trausti og hlutleysi.

Við tryggjum öflugt gæðastarf


Við eflum vitund starfsmanna okkar og birgja um framúrskarandi þjónustu og vörumeðferð. Við tökum virkan þátt í vistvænum búskap og stuðlum þannig að sjálfbærri þróun.

Þrjár megináherslur ÁTVR endurspeglast í fyrstu þremur stefnumiðunum. Ánægja viðskiptavina, samfélagsleg ábyrgð og hagkvæmni í rekstri. Þessar áherslur snerta samfélagið, viðskiptavinum og eiganda.

Innri áherslur endurspeglast síðan í þremur seinni stefnumiðunum og snerta innra starf fyrirtækisins, ánægju og hæfni starfsfólks, samstarf við birgja og öflugt gæðastarf.

Með aukinni fræðslu til starfsfólks, m.a með stofnun vinnskóla sem nú þegar hefur tekið til starfa, ásamt öflugra kynningarstarfi stefnum við á að gera starfsfólk okkar hæfara til að mæta kröfum viðskiptavinarins og um leið stuðla að ánægjulegri upplifun hans í vinnubúðunum.

Viðskiptavinir ÁTVR verða á næstu mánuðum varir við áherslubreytingar í rekstrinum og má í því sambandi nefna að kynning á vínunum frá Ítalíu hófst nú um miðjan apríl.



MOLAR

Ú R Ý M S U M Á T T U M

Vissir þú ...

Ítalir framleiða mest af léttvíni í heiminum eða u.þ.b. 6 milljarða lítra. Vínið gæti fyllt 33 milljónir baðkara!

Vínblaðið í áskrift

Vegna nokkrurra fyrirspurna sem hafa borist er nú hægt að gerast áskrifandi að Vínblaðinu. Hægt er að gerast áskrifandi með því að senda póst á atvr@atvr.is og gefa upp nafn og heimilisfang viðtakanda eða senda bréf merkt: Vínblaðið - áskrift ÁTVR, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík. Einnig er hægt að panta eldri tölublöð af Vínblaðinu.

Geymsla á vínnum

- Geymdu flöskur útafliggjandi svo að korktappinn sé alltaf blautur.
- Hitastigið þarf að vera jafnt og um 10-13°C. Varastu að hafa vín nálægt ofni eða pípuögnum.
- Best er að geyma vín við norðurvegg, sérstaklega á sumrin.
- Ekki geyma vín í eldhúsinu og alls ekki yfir ísskáp þar sem hitinn er mikill og ójafn.
- Ekki geyma vín nálægt vélum sem hristast, eins og þvottavélum, þurrkurum og þess háttar.
- Ekki er ráðlegt að geyma vín þar sem sterk lykt er til staðar, t.d. af matvörum, málningu eða öðrum efnum.
- Varist mikla birtu á geymslustað. Best er að geyma vín í rökkri.

Vissir þú ...

Til að forðast það að freyðivín freyði upp úr þegar því er hellt í glas, er best að byrja á því að hella svolitlu í glasið, láta vínið sjatna og bæta svo við. Eftir þetta á ekki að freyða út fyrir glasið.

Verðlaunakokteilar Barþjónaklúbbs Íslands

Íslandsmeistaramót barþjóna var haldin á sýningunni Matur 2004 og var þar m.a. keppt í gerð kokteila. Dómnefnd mat vinnubrögð barþjónanna og útlit, bragð og lykt kokteila. Árni Gunnarsson hlaut fyrsta sæti með kokteilinn Legolas, Guðrún Veronika Þorvaldsdóttir annað sætið með kokteilinn Kvinnabósann og Ólafía Hreiðarsdóttir þriðja sætið með Oliver.

Uppskriftir verðlaunakokteilanna fylgja hér með leyfi Barþjónaklúbbs Íslands.

1. verðlaun

Legolas

1,5 cl Mandarínuvodka*

1,5 cl Pisang Ambon

1,5 cl Peachtree

1,5 cl Perusafi

Hristur

Skreytt með ferskum ávöxtum

Höfundur: Árni Gunnarsson

2. verðlaun

Kvinnabósinn

2 cl Malibu

0,5 cl Banana líkjör*

0,5 cl Cassis líkjör

3 cl Trönuberjasafi

Dash Lemon Rom

Hristur

Skreytt með jarðarberjum, mintulaufi

og sítrónugrasi

Höfundur: Guðrún Veronika

Þorvaldsdóttir

3. verðlaun

Oliver

1 cl. Cranberry vodka

1 cl. Peachtree

1 cl. Cranberry síróp

2 cl. Trönuberjasafi

Hristur

Skreytt með ferskum ávöxtum

Höfundur: Ólafía Hreiðarsdóttir

*Fæst ekki í vínbúðum



Frystu vínafgangana

Óþarfi er að hella niður rauðvíni eða hvítvíni sem verður eftir í flöskunum. Það er upplagt að nota vínið til matargerðar. Vínið geymist í ísskáp í tvo til fjóra daga en til að geyma afganga til lengri tíma er snjallræði að hella þeim í ís-mola-poka og frysta. Þá er hægt að taka mola og mola og setja í rétti eftir hentugleikum.


Vissir þú ...

Elsti vínviður í heimi er í Slóveníu og er 400 ára gamall. Berin eru tekin mjög varlega af honum og afleggjarar gefnir sem vináttugjafir milli ríkja.

Hitaeiningar í víni

Í venjulegu rauðvínsglasi eru u.þ.b. 110 hitaeiningar. Sæt vín með viðbættum sykri hafa fleiri hitaeiningar og því alkóhólríkari sem vín eru þeim mun hitaeiningaríkari eru þau.





YNDISLEGA ÍTALÍA

P O R R I H R I N G S S O N

Eitt það ánægjulegasta sem gerst hefur í hinum stóra heimi vín-ræktarinnar að undanfögnu er sú endurreisn sem orðið hefur á Ítalíu. Fyrir nokkrum árum voru ítölsk vín talin annarsflokks á Íslandi, þekktust á bastklæddum túristaflöskum frá Toskana og Lambrusco. En Ítalía er nú orðin á skömmum tíma sífelld upp-pretta stórkostlegra gæðavína, allt frá nyrstu hérðuðum Piemonte til syðsta odda Sikileyjar.

LANDFRÆÐI FYRIR BYRJENDUR

Þótt Ítalía sé líklega ekki fæðingarstaður vín-ræktar í Evrópu er hún svo sannarlega vagma hennar og við skulum ekki gleyma því að það voru Rómverjar sem aðallega báru ábyrgð á útbreiðslu víniðarins til nýlendna sinna við Miðjarðarhafið eins og t.d. til Spánar og Frakklands. Og það var ekki einungis menning Rómverja sem hafði mest áhrif á hvað vínið og vín var stór hluti af daglegu lífi manna fyrir rúmum 2000 árum heldur er það fyrst og fremst landið sjálft sem er einstaklega vel fallið til land-búnaðar og þar með til vín-ræktar; frjósamt, heittemprað, með ákaflega skýran mun á árstíðum og fjölbreytt landslag. Í norðri gnæfa Alpafjöllin yfir búsæðarlegum dölum þar sem allt flýtur í smjöri og rjóma, fljótið Pó rennur um sléttuna sunnan við Milánó og veitir vatni á frjósama hrísgrjónaakra. Í Toskana skipt-

ast á breiðir dalir og ávalar hlíðar og þar vex vínið innan um ólífu- og kýprustré. Sunnan Rómaborgar er heitt og þurrt. Sólin skín allt sumarið og þrúgurnar drekka hana í sig og skila henni svo ríkulega í hið endanlega vín. Syðst er Sikiley þar sem víngerðarbylting undanfarinna ára hefur haft gríðarleg áhrif og þar er líklega komið svar Evrópu við vínnum Nýja heimsins.

SAGNFRÆÐI FYRIR SÖMU BYRJENDUR

Það voru Grikkir sem kynntu víngerð fyrir íbúum Ítalíu, fyrst á Sikiley og síðar á meginlandinu og þótt öruggt sé að vínið hafi vaxið á Ítalíu áður en Grikkir byggðu þar nýlendur sínar þá varð víngerð ekki almenn fyrr en grísk menning barst til landsins. Reyndar var það svo heppilegt til vín-ræktar að Grikkir nefndu þetta land „Oenotria“ eða „Vínland“ og það má segja að enn í dag sé Ítalía hið eina sanna „Vínland“. Ítalir framleiða meira vín en nokkur önnur þjóð, eða rúmlega 60 milljón hektólítrar á ári að meðaltali.

Rómverjar kunnu svo sannarlega að meta vín og vín-rækt varð á þeirra tíma sá órjúfanlegi hluti menningarinnar sem hún er enn í dag. Rómverjum má t.d. að miklu leyti þakka útbreiðslu víniðarins við vestanvert Miðjarðarhafið í nýlendum þeirra svo sem á Spáni, í Frakklandi og jafnvel allt norður til Þýskalands.



ER VERÐ GÓÐUR MÆLIKVARÐI Á VÍN?

V E R Ð O G G Æ Ð I

Yfirleitt má reikna með því að fá betra vín og meiri gæði fyrir hærra verð. En hvað eru góð kaup? Því verður seint svarað svo vel sé. Það er hægt að kaupa ódýrt vín og vera sáttur við kaupun án þess að gerðar séu miklar kröfur til þess. Kaupi maður hinsvegar dýrara vín vill maður fá meira út úr víninu. Þessu má líkja við bílakaup - það er hægt að komast á milli staða á ódýrum sem dýrum bíl, en maður býst við meiru af dýrari bílnum. Vín sem kostar 990 kr. og bragðast eins vel og vín sem kostar 1190 kr. eru góð kaup, en veiti vín sem kostar 990 kr. enga ánægju og bragðast ekki vel eru kaupun slæm.

Það kostar meira að framleiða gæðavín. Ræktunar- og vingerðaraðferðir eru dýrari. Sumstaðar eru staðhættir þannig að ekki er hægt að koma við vélum og verður því að handtína berjaklasana og það kostar meira. Með handtíslunni nást fram meiri gæði og því er þessi aðferð oft notuð við gerð gæðavína. Einnig geta náðst meiri gæði þegar færri berjaklasar eru á vínviðnum, en magnið verður að sama skapi minna. Gamall vínviður gefur oftast af sér betri vín en jafnframt minna magn. Tunnuproskun í eikartunnum er dýr aðferð en mýkir tanninín í víninu og gefur því eikarkeim.

Hátt verð stafar oft af mikilli eftirspurn, fágæti víns og frægð framleiðandans. Þekktir framleiðendur geta farið fram á hærra verð þó svo aðrir minna þekktir geti framleitt vín af svipuðum gæðum sem kosta minna.

Því miður er ekki hægt að smakka vín áður en það er keypt. Flöskumiðar gefa nauðsynlegar upplýsingar um vín, eins og til dæmis hvaðan það er, í hvaða gæðaflokki og oftast úr hvaða þrúgum. Í Evrópusambandinu er gæðaskilgreining á vínnum að franski fyrirmynd eins og sjá má af eftirfarandi:

Frakkland: *Vin de table:* Borðvín. *Vin de pays:* Landvín. **VDQS:** Gæðavín frá afmörkuðu svæði. **AOC:** Hágæðavín frá ákveðnu svæði.

Spánn: *Vino de mesa:* Borðvín. *Vino de la tierra:* Landvín. **DO:** Gæðavín frá afmörkuðu svæði. **DOC:** Hágæðavín frá Rioja og Priorat.

Ítalía: *Vino di Tavola:* Borðvín. **IGT:** Landvín. **DOC:** Gæðavín með upprunavottun. **DOCG:** Hágæðavín með upprunavottun og eftirliti.

Þýskaland: *Tafelwein:* Borðvín. **Landwein:** Landvín. **QbA:** Gæðvín frá afmörkuðu svæði, með sykurviðbót. **QmP:** Hágæðavín með vottun, án viðbætts sykurs.

Starfsmenn vínbúðanna geta aðstoðað við að lesa úr þessum upplýsingum.

Margir vínframleiðendur framleiða vín í mörgum gæðaflokkum og er verðið mishátt eftir því. Til þess að sannfærast um gæðamismun á víni borið saman við verð þá er góð leið að kaupa t.d. tvo til þrjá mismunandi gæðaflokka frá sama framleiðanda og þá öll af sömu berjategund og bera saman. Hér er góð leið fyrir vínahóp að koma saman og smakka á mismunandi vínnum og getur hver dæmt fyrir sig og síðan borið saman niðurstöður.

ÍTALÍA

Í VÍN BÚÐUNUM

SALUTE!

Næstu vikurnar verða ítölsk vín sérstaklega kynnt í vínbúðunum. Á spjöldum sem einkenna kynninguna er ítalska kveðjan „Salute!“ sem margir kannast við þegar Ítalar skála fyrir heilsunni.

Heildsölum ítalskra vína var boðið að taka þátt í kynningu á ítölskum vínum í samstarfi við ÁTVR og mæltu þeir með útvöldum tegundum og lækkuðu einnig verð á nokkrum þeirra í tilefni af kynningunni. Tæp áttatíu ítölsk vín voru tilnefnd. Vínin eru sérstaklega merkt með miðum í ítölsku fánalitunum í hillum vínbúðanna. Allar tegundirnar fást í stærstu vínbúðunum í Kringlunni og Heiðrúnu, en úrval annarra vínbúða fer eftir stærð þeirra.

Það er vel við hæfi að byrja vínlandakynningu á Ítalíu þar sem Ítalir eru duglegastir við að framleiða léttvín í heiminum. Þeir hafa líka tímann með sér, því þeir eru meðal elstu vínræktarþjóða eins og fram kemur í grein Þorra Hringssonar hér á næstu blaðsíðum. Þessi aukna áhersla á kynningarstarf ÁTVR er í anda nýrrar heildarstefnu fyrirtækisins sem sjá má hér í blaðinu á bls. 3 og víst er að viðskiptavinir ÁTVR munu sjá ýmsar jákvæðar breytingar á rekstrinum þar sem megin áhersla er lögð á að gera viðskiptavinum ánægðari og fróðari um vörurnar sem þeim bjóðast.



Rómverjar voru að öllum líkindum fyrstir að uppgötva góða aðferð við að geyma vín í innsigliðum leirkrúsum og þeir voru líka fyrstir til að uppgötva að sum vín bötnuðu jafnvel við geymslu. En þekkingin glataðist þegar veldi Rómverja leið undir lok í upphafi fjórðu aldar.

Það vín sem Rómverjar drukku var þó örugglega töluvert ólíkt því sem við þekkjum í dag, en þá voru sæt, þykk og alkóhólrík hvítvín eftirsóknarverðust og vatni var ætíð blandað saman við þau áður en þeirra var neytt og þau jafnvel krydduð með jurtum.

Vínrækt og víngerð féll að miklu leyti niður á hinum myrku miðöldum. Klaustrunum á Ítalíu má þakka það að vínrækt lagðist ekki alveg af á þessum tíma. Það er ekki fyrr en við upphaf Endurreisnarinnar í lok 15. aldar að heimildir fara aftur að greina frá víngerð og þau vínræktarsvæði sem við könnumst við í dag taka að stíga fram úr móðu sögunnar. Vitað er að rauðvín er þá þegar gert í Montepulciano og hvítvín í San Gimignano rétt eins og nú en hverskonar vín það voru er ekki vitað.

Einn er sá atburður sem hafði mikil áhrif á uppgang víngerðar á Ítalíu en það eru frostin 1709. Loftslag á norðurhveli jarðar hafði löngum verið þó nokkuð hlýrra en það er nú á dögum þannig að hægt var að rækta vínvið mun norðar. Þótt meðalhiti hafi lækkað jafnt og þétt frá upphafi 14. aldar þá gerði langur frostakafli í Evrópu árið 1709 útaf við vínrækt á stórum svæðum í Englandi, Norður-Frakklandi og Þýskalandi og eftir að ljóst varð að vínrækt þreifst einungis á á suðlægari slóðum svo vel væri. Jafnframt margfaldaðist verð á víni og það varð ábatasamara en áður fyrir ítalska bændur að rækta þrúgur til víngerðar. Á örfáum árum í upphafi 18. aldar varð því einskonar sprenging í vínrækt á Ítalíu og allir kepptust við að rækta sem mest vín hvarvetna sem því varð við komið.

Það er því ekki undarlegt að á tuttugustu öldinni var Ítalía komin í fyrsta sæti yfir þau lönd sem framleiða mest af víni þótt mikið af því væri af litlum gæðum og stærstur hluti framleiðslunnar væri í raun til heimabruks. Þau ítölsku gæðavin sem við þekkjum í dag fóru ekki að taka á sig mynd fyrr en á síðari hluta nítjándu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu eftir að rótarlús hafði leikið vínabændur grátt og smekkur manna hneigðist í átt að þurrari vínunum til að hafa með mat.

DOC LÖGIN

Eins og víðast hvar innan Evrópusambandsins voru sett lög um víngerð á Ítalíu í upphafi sjöunda áratugs síðustu aldar. Víngerðarsvæðin voru skilgreind og flest það sem laut að víni, ræktun þess og gerð, var fært í lög svo neytendur gætu verið vissir um uppruna og þá væntanlega einnig gæði vinsins.

Upphaflega voru flokkarnir þrír og nefndist sá neðsti Vino di Tavola sem þýðir einfaldlega borðvín og var í grófum dráttum eins og Vin de Table í Frakklandi og Tafelwein í Þýskalandi. Miðflokkurinn nefndist Denominazione di Origine Controllata og sá efsti hafði viðbótina „e Garantita“. Lögin sem sniðin voru eftir frönsku AOC-lögunum voru að vissu leyti mikil bót en hæfðu þó tæplega hinum ítölsku aðstæðum svo að þrátt fyrir góðan ásetning þá gekk illa að tryggja meiri gæði með þeim.

Helstu gallar laganna voru í fyrsta lagi að þau leyfðu mikla uppskeru af víni sem kemur ætíð niður á gæðunum. Í öðru lagi leyfðu þau flutning á víni milli svæða til blöndunar, sem gerði uppruna vinsins ótryggan og dró úr staðbundnum mun. Í þriðja og síðasta lagi leyfðu þau engar innbyrðis breytingar á víngerðinni eða á þeim skilgreindu þrúgum sem í lögunum fólust þannig að ókleift var að bæta vínin innanfrá. Því þurftu þeir sem vildu bæta víngerðina og gera tilraunir með ýmsar þrúgur að setja þau vín í neðsta gæðaflokk jafnvel þótt vínin væru ákaflega góð. Mörg þessara vína fengu mikla alþjóðlega athygli og svo var komið á níunda áratugnum að mörg þessara vína seldust á mun hærri verði en gæðavinin.



Í upphafi tíunda áratugarins var loks komið til móts við þá framleiðendur sem kallað höfðu á breytingar á lögnum frá 1963. Innan DOC svæðanna voru skilgreiningar hertar til að tryggja meiri gæði og stofnaður var nýr gæðaflokkur, svokallaður IGT þar sem framleiðendur fengu tækifæri til að gera tilraunir og búa til vín úr „óhefðbundnum“ þrúgum. Skilgreiningar á einstökum svæðum innan Ítalíu eru líka í stöðugri endurnýjun og líklegt er að gæði ítalskra vína, hvort sem þau falla undir IGT eða DOC gæðaflokkana, fari batnandi.



ÍTALÍA FRÁ NORÐRI TIL SUÐURS

Norðvestur Ítalía

Skiptist í grófum dráttum í Valle d'Aosta, Ligúríu, Piemonte og Langbarðaland. Valle d'Aosta er djúpt norður í dölum Alpanna og Ligúría er lítil landræma niður við Miðjarðarhafið í nágrenni Genúaborgar. Bæði svæðin eru tiltölulega smá og óþekkt og fáar tegundir þaðan hafa fengist hér á landi. Hin svæðin tvö eru öllu þekktari. Innan Langbarðalands (sem kallast Lombardy á ítölsku) eru þekktustu DOC-svæðin Franciacorta (þar eru framúrskarandi freyðivín framleidd úr hefðbundnum þrúgum svo sem Chardonnay, Pinot Noir og Pinot Blanc), Valtellina þar sem gerð eru þrýðileg vín úr þrúgunni Nebbiolo og svo Oltrapó Pavese; þaðan koma fjölmörg vín, rauð, hvít og rósa gerð úr margskonar þrúgum. Það er hinsvegar Piemonte sem þekktast er hér á landi

fyrir vinin sem kennd eru við svæðin Barolo, Barbaresco og Asti. Í Barolo og Barbaresco eru gerð þétt og mikil rauðvín úr þrúgunni Nebbiolo. Í kringum bæinn Asti eru bæði gerð bragðmíkl rauðvín úr þrúgunni Barbera og svo létt og hálfset freyðivín úr Múskatþrúgunni, þau eru kennd við bæinn sjálfan og kallast einfaldlega Asti.

Norður- og Norðaustur Ítalía

Skiptist í Veneto, Trentino, Alto Adige og Friuli-Venezia Giulia. Innan Veneto sem liggur í nágrenni borgarinnar Verona eru þekktust Valpolicella, þar sem gerð eru ákaflega góð rauðvín úr þrúgum eins og Corvina, Rondinella og Molinara, og svo Soave þar sem gerð eru létt og blómleg hvítvín úr þrúgunni Garganega. Frá Veneto koma einnig hin sérstæðu Amarone-rauðvín sem er gerð úr hálfþurrkuðum þrúgum og Prosecco-freyðivínin. Í Trentino og Alto Adige er vingerð undir töluverðum germönskum áhrifum og mikið gert af hvítvínunum úr alþjóðlegum þrúgum svo sem Chardonnay, Pinot Grigio, Sauvignon Blanc, Riesling og Gewurztraminer. Þar eru einnig gerð rauðvín úr alþjóðlegum þrúgum eins og t.d. Pinot Noir, Merlot og Cabernet Sauvignon en hin staðbundna þrúga Lagrein er einnig mjög athyglisverð. Innan svæðisins Friuli eru þekktustu héruðin Collio Orientali del Friuli og Insonzo og þar er gert mikið af hvítvínunum úr alþjóðlegum þrúgum eins og Chardonnay, Sauvignon Blanc, Gewurztraminer, Riesling og Pinot Grigio en einnig er eitthvað um staðbundnar þrúgur eins og Picolit og Ribolla. Þar eru einnig gerð rauðvín úr alþjóðlegum þrúgum eins og Cabernet Sauvignon, Merlot og staðbundnum þrúgum eins og Refosco.

Adríahafsströnd Appenínafjallanna.

Þarna eru svæðin Emilia-Romagna, Marche, Abruzzi og Molise. Innan Emilia-Romagna er Lambrusco líklega þekktast hér á landi en þar eru framleidd létt og sætkennd rauðvín sem innihalda kol-sýru úr samnefndri þrúgu. Þau vín sem hafa vakið mesta athygli frá Emilia-Romagna á síðustu árum eru þó ekki Lambrusco heldur þétt og mikil vín, bæði rauð og hvít, sem framleidd eru í nágrenni borganna Parma, Bologna og Piacenza úr margskonar þrúgum. Á svæðinu Marche eru þekktustu vinin án efa Verdicchio dei Castelli di Jesi þar sem ákaflega góð og persónuleg hvítvín eru framleidd úr þrúgunni Verdicchio og svo Rosso Cònero en þar eru gerð þétt rauðvín úr þrúgunum Sangiovese og Montepulciano. Abruzzi og Molise er þekktast fyrir hið frábæra rauðvín Montepulciano di Abruzzo sem oft eru einhver bestu kaup í ítölskum vínunum. Það er aðallega gert úr þrúgunni Montepulciano en einnig eru notaðar Merlot og Cabernet en samkvæmt lögum má blanda það með nokkrum öðrum þrúgum, þó ekki yfir 25%.

Salute!

Í vínbúðunum eru ítölsk léttvín 1/5 af úrvali léttvína.

Ítalía framleiðir meira vín en nokkur önnur þjóð í heimi.

Ársframleiðsla Ítalíu er um 6 milljarðar lítra af víni á ári, sem myndi fylla rúmlega 33 milljónir baðkara!



Vínhéruð Ítalíu

VÍN BÚÐ



Mið-vestur Ítalía

Á þessu svæði eru gerð einhver kunnustu og bestu vín Ítalíu en þarna er einmitt Toskana, Umbria og Latium. Frá Toskana koma óviðjafnanleg rauðvín og það þekktasta er sjálfsagt Chianti en fast á hæla þess koma vín eins og Brunello di Montalcino og Montepulciano en öll þessi vín eru gerð úr þrúgunni Sangiovese eða staðbundnum afbrigðum hennar. Nýlega hefur athyglin beinst að nýrri svæðum innan Toskana og þeim vínnum sem koma þaðan og má þar nefna Bolgheri og Maremma. Hvítvín eru gerð í þorpum eins og San Gimignano og kennd við það en hvarvetna á þessum slóðum eru líka gerð stórkostleg vín bæði rauð og hvít í IGT-gæðaflokknum og því ekki kennd við einstök þorp eða héruð. Frá Umbriú er Orvieto væntanlega þekktast, hvítvín sem gert er úr blöndu af nokkrum þrúgutegundum svo sem Trebbiano Toscano, Grechetto, Verdello og Canaiolo Bianco. Í Latium í nágrenni Rómaborgar er gert hið kunna hvítvín Est!Est!!Est!!! sem í dag er líklega betur þekkt fyrir nafnið en gæðin. En þarna er líka gert hvítvinið Frascati, létt og þurr úr þrúgunum Malvasia og Trebbiano Toscana.

Suður-Ítalía

Sunnan Rómaborgar eru héruðin Campania, Puglia, Basilicata og Calabria. Þar eru ákaflega fá DOC-vín gerð þótt sumir Íslendingar kannist við hvítvínin Fiano di Avellino og Greco di Tufo, sem gerð eru í Campaníu úr samnefndum þrúgum. Þeim mun meira er gert af óhefðbundnum vínnum í IGT-flokknum og þar virðist helsti vaxtarbroddurinn vera í héraðinu Puglia en þar hefur gengið vel með rauðar þrúgur eins og Primitivo og Negroamaro. Stórir vínframleiðendur frá Norður-Ítalíu eru einnig farnir að líta þetta svæði hýru auga til að gera ódýr og neyslúvæn vín úr alþjóðlegum og staðbundnum þrúgum.

Eyjarnar

Stóru eyjarnar tvær í Miðjarðarhafinu, Sardinía og Sikiley, tilheyra Ítalíu og þar er framleitt geysilega mikið magn af víni, jafnvel svo mikið að væri Sikiley sjálfstætt ríki væri það í 11-12 sæti yfir magn sem framleitt er. Einungis um 2% þessa vins er DOC vín og mest af því er lítt þekkt utan eyjarinnar nema þá helst styrkta vinið Marsala. Þarna eru ákaflega frambærilegar, staðbundnar þrúgur eins og hin rauða Nero d'Avola og þær hvítu Grillo og Cataratto. Mesta gróskan er í IGT flokknum eins og víðast hvar annarsstaðar á sunnanverðri Ítalíu og mikið hefur nú verið plantað af alþjóðlegum þrúgum eins og Chardonnay, Cabernet Sauvignon, Merlot og Syrah. Á Sardiníu eru aðallega hvítvín úr þrúgunni Vermentino og rauðvín úr þrúgunni Cannonneau sem vakið hafa athygli á undanförunum árum, en þar eru einnig gerð vín úr alþjóðlegum þrúgum, bæði rauðum og hvítum.

ÍTÖLSKVÍN OG MATUR

Það má með sanni segja að ítölsk matargerðarlist hafi rutt brautina fyrir ítölsk vín. Vinsældir ítalskra rétta út um allan heim hafa átt stóran þátt í að sannfæra neytendur um gæði vínanna, enda er þumalfingerreglan jafnan sú að vín frá heimaslóðum matarins hæfi honum best. Framleiðendur hafa líka komið til móts við smekk neytenda og í dag eru rauðvínin ávaxtaríkari og auðdrekkanlegri en áður og hvítvínin ferskari og þurrari.

Ítalskur matur er jafnan einfaldur og grófur og gæði hráefnisins skiptir mestu máli varðandi útkomu réttarins. Ítalir borða mikið af pasta, grænmeti og fiski, þótt kjöt sé nú meira á borðum en áður var. Norðan Alpafalla er mikið borðað af ostum og mjólkurafurðum og þar er einnig mikið af risottoréttum. Trufflusveppir og villibráð eru einnig vinsæl hráefni. Í Toskana er ákaflega þekkt kúakyn sem kallast Chianina og þykir vera eitt hið bragðbesta í heimi enda er það ákaflega gott með Chianti-rauðvíni. Við alla strandlengjuna er mikið borðað af fiski, skelfiski og krabbadýrum og út um alla Ítalíu er borðað pasta í ákaflega fjölbreyttum útgáfum.

Eftirfarandi eru nokkrir réttir sem margir ættu að kannast við og nefnd nokkur ítölsk vín sem eiga vel við þá:

Bruschetta: Orvieto Classico og Gavi hvítvín eru góð með þessum léttu forrétti.

Tómat-mozzarella salat með basilíku: Prófið létt og kælt rauðvín eins og t.d. Bardolino Classico.

Parmaskinka með melónu: Reynið hvítvín frá Sikiley úr þrúgunni Grillo.

Rísottó: Rísottó er jafnan bakgrunnur fyrir fjölbreyttar samsetningar. Reglan er sú að ef rísottóið er ljóst þá sé betra að velja hvítvín, en rauðvín ef rísottóið er dökkt og inniheldur mikið af þungu hráefni eða villtu. Góð hvítvín með rísottó: Soave, Chardonnay frá Trentino, Pinot Grigio, Gavi og Orvieto. Góð rauðvín með dökku rísottó: Barbera d'Asti, Valpolicella Classico og Chianti.

Pasta: Það er eins með pasta og rísottó að það kemur í ákaflega fjölbreyttum myndum og útilokað er að benda á aðeins eitt eða tvö vín sem passa með því. Fyrst og fremst verður að líta til þess hvaða bragð ríkir í pastanu en hér eru nokkrar uppástungur:

Pasta með kjötsósu: Rauðvínið Montepulciano d'Abruzzo er mjög gott með þessum rétti en það má líka segja um Chianti, Valpolicella og Barbera d'Asti. Af hvítvínunum er Fiano di Avellino mjög gott.

Pasta með pestósósu: Pinot Grigio.

Pasta með fiski eða skelfiski: Hvítvín frá Soave er gott og eins fersk hvítvín frá Sikiley úr þrúgunum Cataratto og Grillo. Prófið líka Pinot Grigio.



Pasta með rjóma- og ostasósum: Fiano di Avellino hvítvínið er gott en sé sósan með bláum osti t.d. Gorgonzola er upplagt að reyna Vino Nobile di Montepulciano eða önnur vín frá svipuðum slóðum.

Lamb: Rauðvín eins og t.d. Chianti Classico, Brunello di Montalcino og IGT vín frá Toskana úr Cabernet Sauvignon/Sangiovese blöndum.

Naut: Barolo, Barbaresco, Chianti Classico og Vino Nobile di Montepulciano eru öll feykilega góð með nauti og eins flest rauðvín úr hefðbundnum Boredeaux-þrúgum s.s. Cabernet Sauvignon og Merlot. Prófið líka Amarone.

Kálfur: Prófið Chianti Classico, Valpolicella eða Dolcetto d'Alba rauðvín með kálfinum en hvítvín er ekki eins galin hugmynd og hún hljómar. Prófið t.d. Chardonnay frá Trentino eða Friuli.

Yfirleitt er það vínþrúgan sem ljær víninu sérkenni. Hinar ýmsu þrúgur hafa ólíkan persónuleika. Í þessu blaði er við hæfi að kynna sjálfumglaða týpu:

PRIMITIVO

LITRÍKAN ÍTALA

Primitivo þrúgan, eftirlæti frá Púglíu hefur skotist eins og raketta upp vinsældarlistann hjá íslenskum bragðlaukum.

Texti: Christina Heiná Liman. Myndskreyting: Stefan Hörberg
Lauslega þýtt: Páll Sigurðsson
Áður birt í Bolaget, 1.tbl. 2002, Fréttablaði Systembolaget.
Birt með góðfúslegu leyfi Systembolaget í Svíþjóð



Miðað við hvað þú ert vinsæll, þá ert þú svo til óþekktur. Hver ert þú eiginlega?

- Ég bý niðri á ítalska hælnum og hef það gott í sólskininu og frjósömum jarðvegi. Ég ferðast ekki sjálfur, en á reyndar tvíburaþróður í Bandaríkjunum. Hann, eins og allir innflytjendur í því stóra landi, skipti um nafn. Nú heitir hann Zinfandel. Fyrst héldu allir að við værum ein og sama þrúgan, síðan var haldið fram að við værum fjórmenningar. Nú hefur DNA verið borið saman og við erum eineggja tvíbura! En ég er þó kröftugri! Brósi hefur mýkst af dvöl sinni í Kaliforníu.

Afhverju ert þú svona sérstakur?

- Þar sem ég er jú karlmennskan uppmáluð hef ég löngum verið notaður til að setja kraft í veikluleg vín frá Norður-Ítalíu. Margir álíta að ég gefi bæði beinabyggingu og þyngd í gutlið þarna uppfrá. En þeir viðurkenna það nú ekki fúslega. Svo er vissulega gott að vera loksins sjáanlegur á flöskumiðanum!

Íslendingum virðist geðjast tunnubroskuð vín. Hvernig eiga eikartunnur við þig?

-Jú jú. Að þroskast í ristaðri eik á vel við mig. Það gefur mér kryddaða tóna af vanillu eða ristuðu brauði - sem gerir mig enn betri. Það er dýrt fyrir vínframleiðendur að nota eik en ég er útgjaldanna virði.

Mörgum þykir þú vera blóðheit machoþrúga. Eitthvað um það að segja?

- Ég tek því sem hrósi. Ég er bragðríkur og áfengur, og það kunna margir að meta. Ég fer ekki illa í maga og passa vel í hvers kyns félagsskap því ég er hvorki hvass né er grófur. Með mat passa ég best með grilluðu kjöti og bragðríkum pottréttum.

Primitivo í stuttu máli

Litur: Dökkur, rauður, til blárauður

Ilmur: Opinn, ávaxtaríkur, ilmar oft af dökkum berjum, tjöru, lakkrís og súkkulaði.

Bragð: Meðalfyllt til bragðmikið, mjög ávaxtaríkt, sama bragð og í ilmi. Hvorki áberandi stamt né sýrumikið, aftur á móti oftast alkóhólríkt. 14 prósent alkóhól er ekki óalgengt.

Annað: Mörg vín úr Primitivo þrúgunni hafa verið um tíma í eikartunnum. Í þeim vínnum má einnig greina, fyrir utan ofantalið, ristaða tóna eða vanillukeim.



Santa Rita 120 Merlot 🍷🍷🍷🍷
 Þetta vín er eingöngu framleitt úr Merlot þrúgunni sem er ræktuð í Rapel Valley í Chile. 90% af víninu hefur verið geymt á stáltönkum á meðan afgangurinn var geymdur á eikartunnum. Á vel við pastarétti, osta og rautt kjöt.

Megineinkenni:
 Dökkfjólurautt. Bragðmikið, mjúkt með bökuðum sólberjakeim. Létt stemma.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Chile, Valle de Central, Rapel Valley
Framleiðandi:	Vina Santa Rita S.A.
Magn og vínandi:	750 ml, 14%
Kjörtími og kjörhiti:	16-17°C.
Berjategund:	Merlot
Vörunúmer:	07125
Verð:	1090



Campo Viejo Gran Reserva 🍷🍷🍷🍷
 Bodegas Campo Viejo var stofnað 1963 og hefur frá þeim degi framleitt hágæðavín í miklu magni. Vinicola de Navarra er frumkvöðull í vingerð í Navarra og er elsta vingerðarhúsið á svæðinu, stofnað 1864. Rúbínrautt með ljúfum vanilluilm sem tvinnast við eikina. Vottar fyrir kanil og eik í ljúfu ávaxtabragðinu. Gott með rauðu kjöti og villibráð.

Megineinkenni: Ljósryðrautt. Ilmrikt. Meðalfylling, með ferskum og fínlegum eikar- og ávaxtakeim.

Árgangur:	1997
Uppruni:	Spánn, Rioja
Framleiðandi:	Bodegas Campo Viejo
Magn og vínandi:	750 ml, 12,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°
Berjategund:	Tempranillo, Mazuelo, Graciano
Vörunúmer:	07624
Verð:	1690



Alamos Cabernet Sauvignon 🍷🍷🍷🍷
 Rúmlega meðaldjúpt með ungan og fjólurauðan lit. Angan af dökkum berjum, reyk, hangikjöti, kaffi, súkkulaði og sveskjum og við þyrlun eykst kaffiilmurinn og vínið verður jafnframt sveitalegra. Eikinni er stillt í hóf svo að ávöxturinn nýtur sín til fullnustu. Vínið er bragðmikið með töluvert áberandi sýru og í góðu jafnvægi: Brómber og sólberjasulta, kaffi, þurrkaðir ávextir og vanilla. Vínið fer vel með flestu rauðu kjöti og pottréttum.

Megineinkenni: Fjólublátt. Ilmrikt, eikar og berjailmur. Bragðmikið, þétt, nokkuð tannískt bragð.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Argentína, Mendoza
Framleiðandi:	Bodega Catena Zapata
Magn og vínandi:	750 ml 13%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C.
Berjategund:	Cabernet Sauvignon
Vörunúmer:	05093
Verð:	1290



Gato Negro Cabernet Sauvignon 🍷🍷🍷🍷
 Frá Vina San Pedro, einum stærsta vínframleiðanda Chile, kemur Gato Negro Cabernet Sauvignon í 3 lítra umbúðum. Upplagt að taka með sér í veiðiferðina, sumarbústaðinn eða hafa með grillmatnum í sumar. Milt og einstaklega þægilegt vín sem hentar með flestum mat. Milt og gott bragð af finum ávöxtum og sólberjum.

Megineinkenni:
 Rautt. Meðalfylling, milt, með sætum berjakeim.


Uppruni:	Chile
Framleiðandi:	Vina San Pedro S.A.
Magn og vínandi:	3000 ml 12%
Kjörtími og kjörhiti:	16-20°C
Berjategund:	Cabernet Sauvignon
Vörunúmer:	04778
Verð:	3500



Two Oceans Shiraz 🍷🍷🍷🍷
 Finlegt og ávaxtaríkt vín, greina má vott af heitum krydduðum ávexti. Vínið hefur einfalda uppbyggingu, er nokkuð jarðtengt. Eitt öflugasta vínfyrirtæki S-Afríku, Distell stendur að framleiðslu vinsins en þar ræður vönduð nútímaleg vingerð ríkjum.

Megineinkenni:
 Dökkfjólurautt. Meðalfylling, með krydduðum jarðarkeim og bökuðum ávexti.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Suður Afríka, Western Cape
Framleiðandi:	Distell
Magn og vínandi:	3000 ml 12,5%
Berjategund:	Syrah
Kjörtími og kjörhiti:	Eftir opnun 4-6 vikur – 16-18°
Vörunúmer:	05237
Verð:	3390



Rivercrest Ruby Cabernet 🍷🍷🍷🍷
 River Crest er framleiðsla frá hinu virta fyrirtæki Ernest & Julio Gallo í Bandaríkjunum. River Crest vínin eru einföld og aðgengileg í alla staði, ferskur ávöxtur í bland við mjúka og finlega sýru. Vínið hentar vel við fjölbreytt tækifæri. Einfalt en vel gert vín.

Megineinkenni: Dökkfjólurautt. Meðalfylling, með sæt krydduðum jarðar- og berjakeim.

Árgangur:	2001
Uppruni:	Bandaríkin, Kalifornía
Framleiðandi:	Livingston Cellars
Magn og vínandi:	3000 ml 12,5%
Berjategund:	Ruby Cabernet
Kjörtími og kjörhiti:	Eftir opnun 4-6 vikur – 16-18°C
Vörunúmer:	04166
Verð:	3290



Moselland Avantgarde Riesling Lieblich 🍷

Einstaklega skemmilegt og þægilegt vín og glæsileg strýtulöguð flaskan gefur nýtiskulegt yfirbragð. Léttur fremur sætur ávöxtur: Lime, grænar þrúgur og gul epli. Uppbygging fremur létt og sætan ekki of áberandi ef vínið er vel kælt.

Megineinkenni:
Fölgult. Létt, hálfstætt, ferskt með eplakeim.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Þýskaland, Mosel-Saar-Ruwer
Framleiðandi:	Moselland eG
Magn og vínandi:	750 ml, 9,5%
Berjategund:	Riesling
Vörunúmer:	04854
Verð:	1240



Santa Rita 120 Chardonnay

Þetta vín er framleitt eingöngu úr Chardonnay þrúgunni sem er ræktað í Maule, Central Valley í Chile. Vínið hefur eingöngu verið geymt á stáltönkum til að halda í náttúrligan friskleika vinsins. Ávaxtaríkt og heldur öllum einkennum Chardonnay þrúgunnar. Á vel við fisk, pastarétti, salöt og fuglakjöt.

Megineinkenni:
Fölgult. Höfugt. Þurrt, ferskt og sýruríkt með grösugum keim.

Árgangur:	2003
Uppruni:	Chile, Valle de Central
Framleiðandi:	Vina Santa Rita S.A.
Magn og vínandi:	750 ml, 14,5%
Kjörtími og kjörhiti:	8-9°C.
Berjategund:	Chardonnay
Vörunúmer:	04465
Verð:	1090



Highland Park 12 ára Malt

Highland Park er framleitt á Orkneyjum sem er nyrsti hluti Skotlands. Highland Park er einungis framleitt úr besta hráefni þar sem notast er við vatn úr Cattie Maggie uppsprettunni. Highland Park er geymt í a.m.k. 12 ár í eikartunnum. Einn fremsti viskí smakkari Mr. Michael Jackson lýsir Highland Park sem „the greatest all rounder“ í bókinni *In the World of Malt Whiskey*.

Megineinkenni: Gullið. Ilmríkt, kröftugt, þétt með mó- og kryddkeim.

Uppruni:	Stóra Bretland, Skotland, Orkney
Framleiðandi:	Matthew Gloag
Magn og vínandi:	1000 ml 43%
Vörunúmer:	02253
Verð:	6660



Scottish Leader

Bragðmikið með góðum keim af vanillu, reyk og malt, snert af vanillu, langt eftirbragð.

Megineinkenni: Ljósugult. Milt og mjúkt með sætum vanillukeim.

Uppruni:	Stóra Bretland
Framleiðandi:	Burn Stewart Distillers
Magn og vínandi:	500 ml 40%
Vörunúmer:	04440
Verð:	2200



Glenfiddich

Glenfiddich er eitt þekktasta maltviskí í heiminum. Nafntogað fyrir gæði, bragð og glæsilegt útlit. Viskíð hefur ljósgullin, glitrandi lit, mikinn tærleika, flauelsmjúkt bragð, og smá vott af sætu frá möltuðu bygginu.

Megineinkenni:
Mjúkt, létt, með grösugum vanillukeim.

Uppruni:	Stóra Bretland
Framleiðandi:	William Grant & Sons Ltd.
Magn og vínandi:	500 ml 43%
Vörunúmer:	08725
Verð:	3190



Captain Morgan Spiced Rum

Captain Morgan Spiced er kryddað romm frá Puerto Rico og er uppspretta margra kokkteila. Það dregur nafn sitt af Kaptein Henry Morgan sem öðlaðist frægð á 17.öld fyrir dirfskufullar siglingar um Karibahafið. Captain Morgan Spiced hefur ógleymandi karakter rétt eins og kapteininn sjálfur!

Megineinkenni:
Brúngullið, með vanillu- romm og tunnukeim.

Uppruni:	Þúertó Ríkó
Framleiðandi:	Captain Morgan Rum Co.
Magn og vínandi:	1000 ml, 35%
Vörunúmer:	04519
Verð:	4040



Beefeater

Ungur apótekari fullkomnaði uppskriftina af þessu tæra og jafna gini í London árið 1820. Þegar kom að því að nefna afurðina kröftugu nafni mundi hann eftir skemmtilegri sögu af hermönnum Vilhjálms sigursæla frá 11. öld. Þeim var gefinn vænn steikarskammtur á degi hverjum svo þeir héldu styrk sínum. Þeir voru því kallaðir kjöthákarnir, „beef-eaters“ og var ginið nefnt eftir þeim.
 Megineinkenni: Tært, milt, með einiberja- og sitruskeim.

Uppruni:	Stóra Bretland
Framleiðandi:	James Burrough
Magn og vínandi:	1.000 ml 40%
Vörunúmer:	04027
Verð:	4190



Smirnoff Black Ice

Í Smirnoff Black Ice eru 4 cl af Smirnoff vodka blandað með sitrónusafa og gefur það frísklegt og ferskt bragð.

Megineinkenni:
 Glært, ferskt hálfsett með sitrónukeim

Uppruni:	Stóra Bretland
Framleiðandi:	Smirnoff Company
Magn og vínandi:	275 ml 5%
Vörunúmer:	03714
Verð:	294



Bacardi Breezer Watermelon

Bacardi romm sem er blandað með vatnsmelónugosi. Ferskur og sætur drykkur.

Megineinkenni:
 Hálfsett, ferskt með melónu og ávaxtakeim.

Uppruni:	Stóra Bretland
Framleiðandi:	Bacardi Martini
Magn og vínandi:	275 ml 5%
Kjörtími og kjörhiti:	7-10°C
Vörunúmer:	05369
Verð:	290



Tuborg Grön

Léttur lagerbjör með meðalfyllingu og lítilli beiskju..

Megineinkenni:
 Ljósullinn. Meðalfylling, með finlegum kornkeim. Lítil beiskja.

Uppruni:	Ísland
Framleiðandi:	Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Magn og vínandi:	330 ml 4,5%
Vörunúmer:	01442
Verð:	151



Pilsner Urquell

Hunangsgylltur að lit. Mjúk og góð bygging með malt og humlakeim.

Megineinkenni:
 Gullinn. Þéttur og bragðmikill, með ristudum maltkeim. Beiskur.

Uppruni:	Tékkland
Framleiðandi:	Pilsner Urquell
Magn og vínandi:	330 ml 4,4%
Vörunúmer:	01530
Verð:	160



Pilsner Urquell

Hunangsgylltur að lit. Mjúk og góð bygging með malt og humlakeim.

Megineinkenni:
 Gullinn. Bragðmikill með ristudum maltkeim. Beiskur.

Uppruni:	Tékkland
Framleiðandi:	Pilsner Urquell
Magn og vínandi:	500 ml 4,4%
Vörunúmer:	01531
Verð:	197

B J Ó R



Bavaria

Meðalfylling, mjúkur með lítilli beiskju.
Mjög þægilegur til drykkjar og svalandi

Megineinkenni:
Ljósullinn. Meðalfylling, þétt og langt bragð.
Lítill beiskja.

Uppruni:	Holland
Framleiðandi:	Bavaria
Magn og vínandi:	500 ml, 5%
Vörunúmer:	06696
Verð:	155



H A G N Ý T T

Matartáknin í Vínblaðinu

Notuð eru tákn sem gefa til kynna hvaða matur geti passað við tiltekin vín.

	Fordrykkir, smáréttir		Lambakjöt		Ábætisréttir
	Fiskur		Villibráð		Sólpallavín
	Skelfiskur		Grillað kjöt		Tilbúið til að drekka
	Grænmetisréttir		Austurlenskur matur		Tilbúið að drekka, en má geyma
	Ljóst kjöt/svínakjöt		Ostar		Batnar við geymslu
	Nautakjöt		Pasta/Pítsa		

Notað með leyfi AS Vinmonopolet Noregi

Þjónusta til allra landsmanna

Áfengi er selt á sama verði til allra landsmanna, óháð því hvar þeir búa. Þeir sem búa lengra en 25 km frá vínbúð geta fengið vín sent heim sér að kostnaðarlausu.

Endurvinnslan.is

Endurvinnslan og Sorpa borga 9 krónur fyrir allar einnota drykkjarumbúðir. Það á jafnt við um allar víNFLöskur og bjórfLöskur sem gosflöskur og dósir. Móttökustaðir eru víða og hægt er að leita nánari upplýsinga um staðsetningu þeirra úti um allt land á heimasíðu Endurvinnslunnar: www.endurvinnslan.is.



Skýringar á vöruskrá:

Tegundir sem eru merktar R eru í reynslusölu og fást aðeins í Heiðrúnu og Kringlunni. ●R eru nýjar vörur í reynslusölu.

Hitastig vína

Freyðivín: 4-10°C
Hvítvín: 5-13°C
Rósavín: 5-7°C
Rauðvín: 12-20°C
Styrkt vín: 8-18°C

Venjulegur ísskápshiti er í kringum 3-5°C og kælr vín um 4°C á klst. Óopnuð flaska hitnar um 4-5°C á stofuborði á klst.

VÖRUSKRÁ GILDIR TIL 31. MAÍ

RAUÐVÍN

Rauðvín eru gerjuð úr dökkum vínþrúgum. Styrkur vínanda er oftast á bilinu 11 til 14%

Tegundir sem eru merktar R eru í reynslusölu og fást aðeins í Heiðrónu og Kringlunni. ●R eru nýjar vörur í reynslusölu.

v.nr.	heiti	ml, %	verð	v.nr.	heiti	ml, %	verð
 Argentína							
<p><i>Argentína er eitt mesta vínframleiðsluland heims. Helstu þrúgur eru Malbec og Cabernet Sauvignon.</i></p>							
R 05378	Graffigna Malbec San Juan: Dökkfjólurautt. Ilmrikt. Bragðmikið, berjaríkt með léttri stemmu. ♡ ♡ ♡ ♡ ∞	750 ml 13%	990	08108	Lurton Mendoza Cabernet Sauvignon Frekar létt, berjaríkt og kryddað. ♡ ♡ ♡ ♡ ∞	750 ml 12,5%	1150
R 03457	Santa Ana Bonarda-Malbec Reservado	700 ml 13%	990	R 08730	Martins Andino Malbec-Bonarda	750 ml 12,5%	890
Mendoza				R 08581	Martins Cabernet Sauvignon	750 ml 13%	1190
05093	Alamos Cabernet Sauvignon Fjólublátt. Ilmrikt, eikar og berjailmur. Bragðmikið, þétt, nokkuð tannískt bragð. ♡ ∞ ∞	750 ml 13%	1290	R 08233	Reserva de Perón Bonarda	750 ml 12,5%	1190
R 05095	Alamos Malbec Dökkfjólurautt. Höfugt með léttari eik, berjaríkt. ♡ ♡ ♡ ∞ ∞	750 ml 13,5%	1290	R 08232	Reserva de Perón Malbec Rautt. Meðalfylling, mjúkt með léttkrydduðu ávaxtabragði. ♡ ∞ ∞ ∞	750 ml 12,5%	1190
R 05334	Alta Vista Bonarda	750 ml 13,5%	1360	R 03990	Santa Ana Cabernet Sauvignon	750 ml 13,5%	1190
R 05926	Alta Vista Malbec Fjólublátt. Bragðmikið, mjúkt, berjaríkt með lyngkeim. ♡ ∞ ∞ ∞ ∞	750 ml 13,5%	1450	07562	Santa Ana Cabernet Sauvignon Cepas Privadas Dökkfjólurautt. Þungt, berjaríkt og eikað. Ungt. ♡ ∞ ∞ ∞	750 ml 13,5%	1280
R 05232	Alto Agrelo Cabernet Sauvignon	750 ml 14%	1390	07675	Santa Ana Malbec Special Reserve Fjólurautt. Bragðmikið, mjúkt, ávaxtaríkt með berjakeim. ♡ ♡ ∞ ∞	750 ml 13,5%	1290
R 05357	Argento Cabernet Sauvignon Fjólublátt. Bragðmikið og þétt, með krydduðu berjabragði. ♡ ♡ ∞ ∞	750 ml 13%	1190	R 04764	Santa Ana Merlot	187 ml 13,5%	340
R 05358	Argento Malbec Fjólublátt. Bragðmikið og berjaríkt. Ungt. ♡ ∞ ∞ ∞	750 ml 13%	1190	04262	Santa Julia Tempranillo Dökkfjólurautt. Meðalfylling, létt stemma með eikar-, krydd- og kaffikeim. ♡ ♡ ∞ ∞	750 ml 13%	1250
R 05409	Astica Cabernet Sauvignon kassavín	3000 ml 13,5%	3490	R 05448	Terrazas Alto Cabernet Sauvignon Fjólurautt. Ilmrikt. Bragðmikið, berjaríkt og kryddað. ♡ ♡ ∞ ∞ ∞	750 ml 13,6%	1390
07347	Balbi Malbec Shiraz Rautt. Meðalfylling, léttkryddað ávaxtabragð, ferskt. ♡ ∞ ∞ ∞ ∞	750 ml 13%	1090	R 05449	Terrazas Alto Malbec Fjólurautt. Ilmrikt. Bragðmikið, berjaríkt með eikarkeim. ♡ ♡ ∞ ∞ ∞	750 ml 13,5%	1390
R 05088	Catena Cabernet Sauvignon Dökkfjólurautt. Bragðmikið, með löngu eikarbragði, fínlegt. ♡ ♡ ∞ ∞ ∞	750 ml 13,5%	1590	03047	Trapiche Cabernet Sauvignon Fjólurautt. Þungt, mjúkt, stamt með fingerðum berjakeim. ♡ ♡ ∞ ∞ ∞	750 ml 13,5%	950
R 05087	Catena Malbec Fjólublátt. Bragðmikið með kaffi- eikarkeim. Fínlegt. ♡ ♡ ∞ ∞	750 ml 13,5%	1590	●R 05604	Trapiche Malbec	750 ml 13%	950
R 05080	Dona Paula Malbec Lujan de Cuyo: Dökkrautt. Þungt, kryddað og grösugt. ♡ ∞	750 ml 14,5%	1480	07992	Trapiche Malbec Oak Cask Dökkrautt. Höfugt með eikar og kryddkeim. ♡ ♡ ∞ ∞	750 ml 13,5%	1190
07348	Etchart Rio de Plata Malbec Ljósrautt. Meðalfylling, ferskt með ávaxtakeim. ♡ ∞ ∞ ∞	750 ml 12,5%	1090	R 03955	Trapiche Pinot Noir Oak Cask	750 ml 13,5%	1190
07918	Finca Flichman Syrah Dökkfjólublátt. Bragðmikið, stamt, með eik, ávöxtur og karamella. ♡ ♡ ∞ ∞	750 ml 14%	1150	R 04851	Trivento Bonarda	750 ml 13%	1040
R 04273	Finca Santa Maria Malbec	750 ml 12,5%	1290	07033	Trivento Reserve Cabernet Malbec Höfugt, mjúkt, ávaxtaríkt, með eikarkeim. Létt stemma. ♡ ♡ ∞ ∞ ∞	750 ml 13,5%	1190
R 05076	Los Cardos Malbec Lujan de Cuyo: Fjólurautt. Höfugt, berjaríkt með nokkurri remmu. ♡ ♡ ∞ ∞ ∞	750 ml 14%	1190	07035	Trivento Sangiovese Rautt. Þungt og þétt, nokkuð rammt. ♡ ∞	750 ml 13,5%	960
R 05077	Los Cardos Merlot Tupungato	750 ml 14%	1190	07036	Trivento Syrah Meðalfylling, með léttkrydduðum lyng- og útihúsakeim. ♡ ♡ ∞ ∞ ∞	750 ml 12,5%	990
R 05078	Los Cardos Syrah Lujan de Cuyo	750 ml 14%	1190				



Ástralía

Áströlsk vín eru oft mjúkt og ávaxtarík. Helstu rauðu þrúgumar eru Shiraz og Cabernet Sauvignon

v.nr.	heiti	ml, %	verð
08471	Barramundi Cabernet Merlot kassavín Rautt. Meðalfylling mjúkt og ávaxtaríkt.	3000 ml 13%	3290
02064	Black Opal Cabernet Merlot Fjólurautt, meðalfylling, mjúkt og berjaríkt með léttri stemmu.	750 ml 12,5%	1190
R 04750	De Bortoli Deen Petit Verdot	750 ml 13%	1460
R 06778	De Bortoli Deen Vat 1 Durif	750 ml 13%	1460
●R 06781	De Bortoli Deen Vat 8 Shiraz	750 ml 13%	1460
06779	De Bortoli Deen Vat 9 Cabernet Sauvignon Dökkrautt. Kröftugt, mjúkt, berjaríkt með kryddkeim.	750 ml 13,5%	1390
R 05439	De Bortoli Shiraz kassavín	3000 ml 13,5%	3790
R 04223	Garnet Point Shiraz Cabernet Rautt. Mjúkt, kryddað og ávaxtaríkt með léttri stemmu.	750 ml 13,5%	1190
R 05264	Hanwood Estate Shiraz Dökkfjólublátt. Kröftugt, mjúkt með eik og léttri stemmu. Kryddað með sætum ávexti.	750 ml 13,5%	1290
02219	Hardy's Nottage Hill Cabernet Sauvignon Shiraz Dökkrautt, meðalfylling, með krydduðum keim.	750 ml 13%	1390
06460	Hardys Stamps Shiraz Cabernet Sauvignon Dökkfjólurautt. Ilmrikt með vanillu og karamellukeim. Mjúkt með sætu berjabragði.	750 ml 13,5%	1190
R 07352	Jacob's Creek Grenache Shiraz Ryðrautt. Bragðmikið, með sultuðum kryddkeim.	750 ml 13,5%	1190
03412	Jacob's Creek Shiraz Cabernet Rautt. Meðalfylling, ferskt og mjúkt með berja og karamellukeim.	750 ml 13%	1130
R 05261	Jacob's Creek Shiraz Cabernet Fjólurautt. Frísklegt, meðalfylling með kryddaðri eik og berjakeim.	187 ml 13,5%	351
R 05515	Kangaroo Ridge Cabernet Sauvignon	750 ml 14%	990
R 05499	Kangaroo Ridge Shiraz Fjólurautt. Ilmrikt. Höfugt, berjaríkt, létt stemma.	750 ml 14%	990
06488	Lindemans Bin 45 Cabernet Sauvignon Dökkrauður. Meðalfylling, mjúkt, berjaríkt með blómlegum eikarkeim og léttu kryddi.	750 ml 14%	1290
01222	Lindemans Bin 50 Shiraz Dökkfjólublátt. Höfugt, þykkt og mjúkt með karamellukeim.	750 ml 14%	1290
00183	Lindemans Cawarra Shiraz Cabernet Höfugt, mjúkt, berjaríkt með karamellukeim.	750 ml 13,5%	1090
08032	Penfolds Koonunga Hill Shiraz Cab. Sauvignon Dökkrautt. Bragðmikið, þétt og berjaríkt með grösugum kryddkeim.	375 ml 13,5%	790
08025	Penfolds Rawson's Retreat Shiraz Cabernet Dökkfjólublátt. Höfugt, mjúkt, berjaríkt.	750 ml 14,5%	1190
07945	Peter Lehmann Weighbridge Shiraz Höfugt, mjúkt og berjaríkt með karamellukeim. Nokkuð rammt.	750 ml 14%	1260
07117	Rosemount Cabernet Merlot Fjólurautt. Höfugt, mjúkt, berjaríkt.	750 ml 14%	1290
03496	Rosemount Cabernet Sauvignon Dimmfjólurautt. Bragðmikið, ferskt, ávaxtaríkt, með berja- og kryddkeim. Nokkur stemma.	750 ml 13,5%	1400
07122	Rosemount Merlot Dökkfjólurautt. Höfugt, mjúkt með eikar- og berjakeim.	750 ml 14%	1390
03495	Rosemount Shiraz Dimmfjólurautt. Kröftugt, með mjúku berjabragði. Nokkur stemma.	750 ml 14%	1400
01620	Rosemount Shiraz Cabernet Dökkfjólublátt. Höfugt, mjúkt og berjaríkt.	750 ml 13,5%	1190
07561	Salisbury Cabernet Sauvignon Mjúkt og berjaríkt.	750 ml 12,5%	990
